



SIS og persónuvernd

Bryndís Gunnlaugsdóttir





Dansk | English |

Leitarorð

[Þingfundir og mál](#)

[Þingmenn](#)

[Nefndir](#)

[Alþjóðastarf](#)

[Lagasafn](#)

[Ályktanir Alþingis](#)

[Um Alþingi](#)

[Forsíða](#) > [Lagasafn](#) > [Lög](#)

[Hlusta](#)

Veldu útgáfu

Nýjasta útgáfa hverju sinni

Lagasafn. Íslensk lög 1. október 2020. Útgáfa 150c. [Prenta í tveimur dálkum.](#)

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

2018 nr. 90 27. júní

Ferill málsins á Alþingi. [Frumvarp til laga.](#)

Tóku gildi 15. júlí 2018. *EES-samningurinn:* XI. viðauki reglugerð 2016/679. *Breytt með:* L. 32/2019 (tóku gildi 1. júlí 2019). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 75/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 140/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 2. másl. 3. mgr. 11. gr. og 2. og 4. mgr. 12. gr. sem taka gildi 1. jan. 2021 og 14. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2022). L. 22/2020 (tóku gildi 21. mars 2020).

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins -
Mál nr. 2020010721



**PERSÓNU
VERND**

Dæmi um vinnsla persónuupplýsinga

- söfnun
- skráning
- flokkun
- kerfisbinding
- varðveisla
- aðlögun eða breyting
- heimt
- skoðun
- notkun
- miðlun með framsendingu
- dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla
- aðgangstakmörkun
- eyðing eða eyðilegging

Lögmæti vinnslu

- **Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að falla undir eitthvert af heimildarákvæðum 9. gr. laga nr. 90/2018.** Má þar nefna að vinna má með persónuupplýsingar **sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu,** sbr. 3. tölul. þeirrar greinar, eða ef vinnslan er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds, sbr. 5. tölul. sömu greinar. **Að auki verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 1. mgr. 11. gr. laganna.** Samkvæmt b-lið 3. tölul. 3. gr. laganna eru heilsufarsupplýsingar viðkvæmar, en af gögnum málsins verður ráðið að unnið hafi verið með upplýsingar um heilsuhagi kvartanda í tengslum við umsóknir barnsmóður hans um þjónustu fyrir [barn] þeirra.
- Eins og hér háttar til koma þá einkum til skoðunar **2. tölul. 1. mgr. 11. gr., þess efnis að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða hinn skráði geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöf og löggjöf um almannatryggingar og félagslega vernd og fari fram á grundvelli laga sem kveða á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða, og 8. tölul. 1. mgr. 11. gr., þess efnis að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að unnt sé að fyrirbyggja sjúkdóma eða vegna atvinnusjúkdómalækninga, til að meta vinnufærni starfsmanns, greina sjúkdóma og veita umönnun eða meðferð á sviði heilbrigðis- eða félagsþjónustu og fyrir henni sé sérstök lagaheimild, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni slíkrar þjónustu sem bundinn er þagnarskyldu.**


Lögmæti vinnslu

- Auk heimildar samkvæmt framangreindu verður vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja öllum grunnkröfum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
- Er þar meðal annars er kveðið á um að persónuupplýsingar skuli;
 - unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða (1. tölul.);
 - að þær skuli fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.);
 - að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.)
 - og að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingum, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli eytt eða þær leiðréttar án tafar (4. tölul.).

Lögmæti vinnslu

- Samkvæmt 2. tölul. 17. gr. laga nr. 90/2018 á hinn skráði rétt til upplýsinga um vinnslu, hvort sem persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum eða ekki, samkvæmt fyrirmælum 13.-15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. **Þegar persónuupplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða sjálfum ber almennt að veita honum fræðslu í samræmi við 14. gr. reglugerðarinnar. Þetta á hins vegar ekki við ef lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna, sbr. c-lið 5. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar.** Með vísan til alls framangreinds verður því ekki talið að TR hafi brotið gegn lögum nr. 90/2018 með því að hafa ekki upplýst kvartanda sérstaklega um vinnslu eða söfnun persónuupplýsinga hjá TR í tengslum við umsóknir barnsmóður hans um umönnunarbætur fyrir [barn] þeirra.

Persónuvernd og SIS-mat



Er lagaheimild fyrir vinnslu?

Sveitarfélög

26. gr. Skyldur sveitarfélaga

- Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

27. gr. Mat á stuðningsþörfum.

- Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili sem fer með stuðningsþjónustu meta þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.
- Sé stuðningsþörf vegna fötlunar meiri en svo að henni verði mætt með þjónustu eða aðstoð samkvæmt þessum kafla skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda.

57. gr.

- Að því marki sem nauðsynlegt er vegna vinnslu umsókna um þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum skulu félagsmálanefndir og starfsmenn þeirra óska eftir upplýsingum frá umsækjanda, opinberum aðilum og einkaaðilum um aðstæður umsækjanda, svo sem um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðir og framfærslu- og húsnæðiskostnað. Ber framangreindum aðilum að veita umbeðnar upplýsingar án endurgjalds búi þeir yfir þeim.
- Þá er heimilt að kalla eftir læknisvottorði frá lækni umsækjanda eða trúnaðarlækni sveitarfélags þegar um er að ræða umsóknir sem eru tilkomnar vegna heilsufarslegra ástæðna.
- Félagsmálanefndum og starfsmönnum þeirra ber að upplýsa umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.]

Er
lagaheimild
fyrir vinnslu?

GRR

6. gr. laga um GRR

- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins getur með sérstökum samningum, gegn greiðslu, annast sérfræðipjónustu grunnskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar um sérfræðipjónustu skóla, nr. 386/1996, svo og ráðgjafar- og sálfræðipjónustu leikskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, fyrir sveitarfélögin og mat á stuðningsþörfum fatlaðs fólks í einstökum sveitarfélögum og þjónustusvæðum fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Er lagaheimild fyrir miðlun?

GRR

7. gr.

- Starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er bundið þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.
- Um trúnað, þagnarskyldu, vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga, upplýsingagjöf og afhendingu gagna fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga, lögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um upplýsingaskyldu og afhendingu gagna fer jafnframt eftir barnalögum og barnaverndarlögum.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er heimilt að afla og vinna með persónuupplýsingar og gögn, svo sem læknisfræðilegar upplýsingar og vottorð sem nauðsynleg eru vegna þeirrar þjónustu sem stöðin veitir. **Stofnuninni er heimilt að miðla niðurstöðum greininga og öðrum upplýsingum til þjónustuveitenda samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um grunnskóla, lögum um leikskóla og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og til annarra þjónustustofnana þar sem einstaklingur fær lögbundna þjónustu þegar slík miðlun er nauðsynleg til þess að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum.**
- Stofnuninni ber að upplýsa viðkomandi einstakling eða forráðamann hans um fyrirhugaða vinnslu og miðlun persónuupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.
- Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá sem njóta þjónustu hennar í þeim tilgangi að hafa yfirsýn yfir stærð hópsins, bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa eftirlit með henni til tölfræðiúrvinnslu og vísindarannsókna í samræmi við skilgreint hlutverk hennar.

Er
lagaheimild
fyrir miðlun?

Sveitarfélög

26. gr. Skyldur sveitarfélaga.

- Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Miðlun SIS-mats og
þjónustuáætlunar

Must Have
vs
Nice to Have



Matið fer þannig fram að matsmaður hittir þjónustunotanda, starfsmann og aðra þá sem notandi velur að hafa með sér í viðtalið. Starfsmaður/viðmælandi þarf að þekkja notandann vel, hafa umgengist hann og sinnt þjónustu í amk. 3 mánuði. Starfsmaður/viðmælandi þarf að hafa tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum. Lögð er áhersla á að notendur komi að matinu með starfsmönnum þ.e. séu með í viðtölum þar sem því verður við komið.

Hvert matsviðtal tekur að lágmarki um 2 klst.

4. Skil á niðurstöðum

Að mati loknu er niðurstöðum skilað rafrænt í vefgátt til tengiliðs í sveitarfélagi. Jafnframt er niðurstöðum skilað með ópersónugreinanlegum hætti til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að niðurstöðum sé skilað innan 3 mánaða þ.e. þremur mánuðum eftir að mat fór fram.

5. Hlutverk tengiliðs hjá sveitarfélagi

Tengiliður sveitarfélags útskýrir tilgang með fyrirhugaðri umsókn um Mat á stuðningsþörf fyrir þjónustunotanda og/eða talsmanni hans.

Tengiliður undirbýr og skipuleggur framkvæmd og komu matsmanns í samvinnu við þjónustunotanda eftir því sem við á.

Hann sér um að útbúa dagskrá þar sem tryggt er að matsmaður hitti þjónustunotanda, starfsmann og

